



Samtök ferðaþjónustunnar  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 3. mars 2017  
Tilv.: ANR17020050/11.6

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 3. febrúar 2017, varðandi ákvæði laga nr. 50/2015, um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga) sem samþykkt vor af Alþingi þann 30. júní 2015.

Í tilefni af framangreindu tölvubréfi yðar skal upplýst að í frumvarpi til framangreindra laga nr. 50/2015 er gerð grein fyrir aðdraganda og ástæðum þess að frumvarpið var lagt fyrir Alþingi og vísast til þess sem þar kemur fram.

Einnig skal bent á að það er hlutverk dómstóla að skera úr um gildi laga gagnvart stjórnarskrá auk þess sem hægt er að bera fram kvörtun við umboðsmann Alþingis ef uppfyllt eru skilyrði um það efni.

Þá fer fjármála- og efnahagsráðuneyti með mál er varða skatta og gjöld, m.a. virðisaukaskatt og ber að beina erindum varðandi það efni til þess ráðuneytis.

Eins og mál þetta liggur fyrir telur ráðuneytið ekki unnt að fjalla frekar um álitaefni sem koma fram í áðurnefndu bréfi yðar eða leggja mat á þær aðstæður sem þar eru tilgreindar.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Jóhann Guðmundsson

Sigríður Norðmann